

Greiðslur í sjóðinn verði 50,0% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils, en greiðslur úr sjóðnum 50,0% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðist við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. mars 1986.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Sigurður P. Sigmundsson.

AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytis á verðgrundvelli á
hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október 1985 til
31. janúar 1986.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október 1985 til 31. janúar 1986:

Laus- og blokkfrystur hörpudiskur	U.S.\$ pr. lb. cif.
Færri en 60 stk. í lb.	3,23
Fleiri en 60 stk. í lb. og óflokkað	2,99
Hálfhreinsaður	1,47
Rauður og brotinn	1,81
Verðbil verði 5%.	

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62,5% af verðbreytingum frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. mars 1986.

F.h.r.
Árni Kolbeinsson.

Sigurður P. Sigmundsson.

GJALDSKRÁ

um greiðslur fyrir aukaverk presta.

1. gr.

Prestum ber greiðsla fyrir aukaverk frá þeim sem verk er unnið fyrir skv. gjaldskrá þessari.

Greiðslur fyrir aukaverk skal miða við ákveðinn fjölda eininga. Hver eining jafngildir hálfu tímakaupi í dagvinnu skv. byrjunarlaunaflokki presta, nú l. fl. 138.